

Fimmtudaginn 12. október 1995.

Nr. 209/1993.

Bóas Dagbjartur Bergsteinsson

(Ólafur Garðarsson hrl.)

gegn

Hrafnhildi Borgþórsdóttur og

Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

(Haraldur Blöndal hrl.)

Vátryggingarsamningur. Bifreiðar. Ökumannstrygging. Ölvun við akstur. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason og Markús Sigurbjörnsson.

Áfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 24. maí 1993. Hann krefst þess, að stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða sér 14.723.300 krónur með nánar tilgreindum ársvöxtum frá 8. ágúst 1989 til 14. ágúst 1991, en með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti. Til vara krefjast þeir þess, að þeim verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar með vöxtum samkvæmt 7. gr. vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. ágúst 1989 til uppsögu dóms Hæstaréttar, en málskostnaður falli niður.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð endurrit af yfirheyrslum, sem fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms.

I.

Áfrýjandi velti bifreið þáverandi sambúðarkonu sinnar, stefndu Hrafnhildar, á þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal í Borgarfirði aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989. Kastaðist hann úr bifreiðinni og stórslasaðist. Slysioð var tilkynnt lögreglu kl. 1.16. Er lögreglumenn, lækni og sjúkraflutningamaður komu á vettvang um klukkustund síðar, sýndist þeim áfrýjandi ölvaður, og var því ákveðið að taka úr honum blóðsýni. Er vottorð um það tímasett kl. 2.15.

Reyndist áfengismagn í blóði hans nema 1,35%. Áfrýjandi og sambúðarkona hans halda því fram, að hún hafi gefið honum áfengi eftir slysið til að lina þjáningar hans, en fyrir slysið hafi hann verið allsgáður. Í málinu sækir áfrýjandi váttryggingarfélag bifreiðarinnar um bætur úr slysatryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Félagið telur sig hins vegar laust úr ábyrgð, þar sem áfrýjandi hafi verið ölvaður, þegar slysið varð, en félagið hafi undanþegið sig ábyrgð við slíkar aðstæður í almennum skilmálum sínum fyrir slysatryggingu ökumanns, sbr. 20. gr. laga nr. 20/1954 um váttryggingarsamninga.

II.

Frásögn áfrýjanda og sambúðarkonunnar um áfengisneyslu hans eftir slysið styðst einungis við framburð sjúkraflutningamanns um, að áfrýjandi hafi sagt honum frá neyslu sinni og lögreglumaður séð átekinn viskípela í fórum sambúðarkonunnar, eftir að komið var á lögreglustöðina í Borgarnesi. Við mat á framburði sambúðarkonunnar verður að líta til 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Við yfirheyrslur hjá lögreglu fyrst eftir slysið kvaðst hún hafa blandað sér viskí í tonik, eftir að áfrýjandi tók við akstri bifreiðarinnar í Varmahlíð í Skagafirði, og hafa drukkið þá blöndu ein. Hún kvaðst hafa verið sofandi, þegar slysið varð, og ekki vaknað, fyrr en bifreiðin valt. Hún kom síðan aftur af sjálfsdáðum til yfirheyrslu 7. desember 1989 og kvaðst þá hafa verið vakandi fyrir slysið og gat borið um aðdraganda þess. Þá fyrst segir hún frá því, að hún hafi gefið áfrýjanda viskí úr flösku eftir slysið, og telur hann hafa drukkið eitthvert magn úr henni. Áfrýjandi hafði 20. september 1989 gefið þá skýrslu hjá lögreglu, að einhver hefði gefið sér áfengi eftir slysið, sennilega viskí, og eitthvað annað, blandað í gosdrykk. Hann kvaðst hafa drukkið eitthvert magn, en ekki mikið. Sambúðarkonan var yfirheyrð fyrir sakadómi 5. mars 1990 og kannaðist þá ekki við að hafa drukkið úr flöskunni fyrir slysið og taldi sig aldrei bragða tonik. Þessu hefur hún breytt við yfirheyrslur, sem fram fóru eftir uppkvaðningu héraðsdóms. Samkvæmt því, sem hér hefur verið rakið, og með hliðsjón af niðurlagsorðum 1. mgr. 50. gr. laga nr. 91/1991 ber að fallast á það með héraðsdómi, að framburður áfrýjanda og sambúðarkonu hans ráði ekki úrslitum í máli þessu.

Í héraðsdómi er rakinn framburður vitna þeirra, sem komu á vettvang. Vitnin eru sammála um, að þau hafi ekki orðið þess vör, að ákærða væri gefið áfengi. Kristján Skjöldal Ingimarsson, sem vitni varð að slysinu, bar, að sambúðarkonan hefði verið að leita áfrýjanda utan við bifreiðina, þegar hann kom á vettvang. Hjónin Ágúst Friðgeirsson og Sigurbjörg Jóna Traustadóttir, sem komu á vettvang 5 til 10 mínútum eftir, að áfrýjandi hafði ekið fram úr bifreið þeirra, hafa borið, að Sigurbjörg hafi hlúð að áfrýjanda og setið hjá honum mestallan tímann, sem beðið var lögreglu og hjúkrunarfólks. Sigurbjörg gaf honum gosdrykk, sem vitnin fundu í bifreið sambúðarkonunnar, en hún og Kristján og fleiri vitni eru sammála um, að ekkert áfengi hafi verið í gosflöskunni. Þegar þessi framburður eru skoðaður, verður að telja nánast óhugsandi, að framburður áfrýjanda og sambúðarkonunnar um áfengisneyslu hans eftir slysið fái staðist.

Áfrýjandi hafði 1,35% af vínanda í blóði, þegar sýni var tekið rúmri klukkustund eftir slysið. Af framangreindu er nægilega sannað, að við slysið hafi hann haft að minnsta kosti það vínandamagn í blóði sínu. Samkvæmt 3. mgr. 45. gr. umferðarlaga telst ökumaður óhæfur til að stjórna ökutæki, ef vínandamagn í blóði hans nemur 1,20% eða meira. Áfrýjandi var því óhæfur til að stjórna bifreiðinni, þegar slysið varð, og er ekkert fram komið um, að annað hafi valdið slysinu. Þá niðurstöðu styður einnig framburður hjónanna Ágústs og Sigurbjargar Jónu um aksturslag hans, er hann ók fram úr bifreið þeirra, og Kristjáns Skjöldals um aksturslagið, þegar áfrýjandi mætti bifreið hans rétt fyrir slysið.

Fallast ber á það með héraðsdómara, að 20. gr. váttryggingarsamningalaga taki til samnings um váttryggingu ökumanns samkvæmt 92. gr. umferðarlaga. Fram er komið samkvæmt framan-sögðu, að áfrýjandi var óhæfur til að stjórna ökutæki, er slysið varð. Á 20. gr. váttryggingarsamningalaganna við um ástand hans, og þar sem váttryggingarfélagið hefur undanskilið sig ábyrgð í váttryggingarskilmálum, ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms um sýknu stefndu.

Eftir atvikum er rétt, að málskostnaður fyrir Hæstarétti falli niður.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

S é r a t k v æ ð i

Hjartar Torfasonar

Krafa áfrýjanda um bætur fyrir líkamstjón úr hendi stefndu er gerð á grundvelli 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er kveður á um tryggingu handa öikumönnum gegn slysum, sem þeir verða sjálfir fyrir við stjórn á skráningarskyldu vélknúnu ökutæki. Það er tilgangur þessa ákvæðis að tryggja öikumönnum bótavernd eftir hlutlægni reglu með svipuðum hætti og vegfarendum eða farþegum, sem verndar njóta samkvæmt 1. mgr. 88. gr. og 1. mgr. 91. gr. sömu laga gegn tjóni af notkun ökutækja, og ber að skýra það með hliðsjón af þeim og öðrum ákvæðum laganna. Samkvæmt því er rétt að líta svo á, að megintakmörkunina á umfangi þessarar lögmæltu slysstryggingar sé að finna í 2. mgr. 88. gr. laganna, þar sem heimilað er að lækka bætur fyrir líkamstjón eða fella þær niður, ef hinn slasaði hefur sjálfur orðið valdur að því af ásetningi eða stórkostlegu gáleysi.

Þegar áfrýjandi slasaðist, var hann í sumarleyfi með þáverandi fjölskyldu sinni á ferð frá Akureyri til Reykjavíkur, sem þau hófu um kvöldmatarleytið mánudaginn 7. ágúst 1989 eftir ferðalag í Eyjafirði fyrr um daginn. Voru þau komin suður yfir Holtavörðuheidi, þegar slysið varð um klukkustund eftir miðnætti. Gerðist það með þeim hætti, að áfrýjandi missti stjórn á bifreið þeirra, eftir að hafa mætt öðru ökutæki, og rásaði hún út af veginum og valt með þeim afleiðingum, að hann hlaut stórfelld líkamsmeiðsl. Niðamyrkur var á slyssað og vegurinn blautur, og gekk á með þungum regnskúrum. Fyrir liggur, að áfrýjandi ók með meiri hraða en við átti við þessar aðstæður, og var hann sakfelldur þess vegna í refsímáli fyrir sakaðómi Reykjavíkur. Að sögn þess ökumanns, er á móti kom, hafði áfrýjanda einnig láðst að lækka ljósin á bifreið sinni, áður en ökutækin mættust, en áfrýjandi kveðst sjálfur hafa orðið fyrir truflun af akstri hinnar bifreiðarinnar.

Af hálfu hins stefnda váttryggingarfélags er einkum á því byggt, að slysið hafi orðið af ölvun áfrýjanda, enda hafi áfengismagn í

blóðsýni úr honum mælt 1,35%. Fyrir sakadómi var áfrýjandi sýkn-
aður af ákæru um ölvunarakstur á grundvelli þess, að ekki væri
hægt að hafna með öllu þeim frásögnum hans og stefndu Hrafnhild-
ar Borgþórsdóttur, að hún hefði gefið honum áfengi að drekka eftir
slysið. Varhugavert er að hverfa frá þessu mati sakadómarans, og
frásagnirnar njóta nokkurs stuðnings í framburði tveggja vitna.
Samkvæmt því er rétt að miða við, að áfengismagn í umræddu
blóðsýni verði rakið til neyslu eftir slysið að einhverju leyti. Eigi að
síður er þó nægilega sannað í máli þessu, þegar gögn þess eru virt í
heild, að áfrýjandi hafi ekki verið allsgáður við aksturinn. Hafi það
ásamt hröðum og ógætilegum akstri hans orðið orsök þess, að hon-
um tókst ekki að mæta fyrrnefndu ökutæki áfallalaust. Að öllu at-
huguðu hefur áfrýjandi þannig orðið valdur eða meðvaldur að slys-
inu af gáleysi, sem telja verður stórkostlegt.

Samkvæmt þessu verður ekki á það fallist, að áfrýjandi eigi
óskoraðan rétt til bóta úr slysatryggingu bifreiðarinnar. Eftir atvik-
um að slysinu og afleiðingum þess er þó rétt, að bætur til hans verði
ekki felldar alveg niður, heldur lækkaðar þannig, að hann fái sann-
að tjón sitt bætt að hálfu. Þar sem niðurstaða annarra dómenda er á
þann veg, að sýkna eigi stefndu, er ekki ástæða til nánari umfjöllun-
ar um þá hlið málsins.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 22. mars 1992.

1.0.

Mál þetta, sem tekið var til dóms þriðjudaginn 2. mars sl., hefur Bóas
Dagbjartur Bergsteinsson, kt. 230359-5049, Klapparstíg 26, Reykjavík,
höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, þingfestri 28. nóvember
1991, á hendur Hrafnhildi Borgþórsdóttur, kt. 230653-5699, Hverfisgötu 86,
Reykjavík, og Sjóvá-Almennum tryggingum hf., kt. 701288-1739, Kringlunni
5, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndu verði dæmdir in solidum til að
greiða sér 14.723.300 kr. með [nánar tilgreindum vöxtum svo og málskostn-
að].

Dómkröfur stefndu eru þær aðallega, að þeir verði sýknaðir, en til vara,
að þeim verði einungis gert að greiða hluta hinnar umstefndu fjárhæðar.
Málskostnaðar er krafist úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 4. nóvember 1991, var
stefnanda veitt gjafsókn í málinu.

Sáttaumleitarnir fyrir dómi hafa ekki borið árangur.

2.0.

Stefnandi segir málsatvik vera þau, að aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989 hafi hann lent í umferðaróhappi á þjóðvegnum við Sanddalsá í Norðurárdal. Stefnandi, sem hafi verið ökumaður bifreiðarinnar S-2011, Subaru J 10, fólksbifreiðar, hafi lent með bifreiðina út af veginum, þar sem hún hafi farið nokkrar veltur. Hafi hann kastast út úr bifreiðinni og stórslasast. Hafi hann verið fluttur í þyrlu á slysadeild Borgarspítalans. Stefnandi kveðst á slysstað hafa fundið óbærilegar kvalir um allan líkamann og öskrað af sársauka. Einhver hafi komið og gefið sér áfengi, sennilega viskí, og annað, sem var blandað gosdrykk. Fyrirverandi sambýliskona stefnanda, Hrafnhildur Borgþórsdóttir, hafi staðfest fyrir sakadómi Reykjavíkur að hafa gefið stefnanda að drekka á slysstað úr viskíflösku, sem verið hafi í bifreiðinni. Blóðsýni hafi verið tekið úr stefnanda á slysstað, og hafi reynst í því 1,35% af vínanda.

Stefnandi og sambýliskona hans séu sammála um það, að stefnandi hafi fyrir slysið aðeins verið búinn að drekka einn áfengan bjór með kvöldmatnum. Ekkert hafi hann verið búinn að drekka áður og ekki drukkið annað fyrir slysið. Stefnandi kveðst engin áfengisáhrif hafa fundið við aksturinn. Hafi hann ekið með 80–90 km hraða rétt fyrir slysið. Stór bifreið hafi komið á móti þeim og verið að nokkru leyti á öfugum vegarhelmingi. Hafi hann orðið að víkja alveg út í vegaröxlina, sem sé malborin. Við það hafi hann misst stjórn á bifreiðinni, sem hafi farið út af og oltið. Stefnandi kveðst álíta, að hann hafi losað um öryggisbeltið í veltunni. Hafi hann síðan rankað við sér, þar sem hann hafi legið úti í móa, og fundið til mikilla kvala í öðrum fæti og baki.

Ríkissaksóknari hafi gefið út ákæru, dagsetta 16. janúar 1990, á hendur stefnanda, þar sem honum hafi verið gefið að sök að hafa í umrætt skipti ekið bifreiðinni undir áhrifum áfengis og án nægjanlegrar aðgæslu. Þetta hafi verið talið varða við 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr., sbr. 3. mgr. 45. gr., sbr. 100. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Sakadómur Reykjavíkur hafi fengið málið til meðferðar og kveðið upp dóm 29. janúar 1991. Stefnandi hafi verið sýknaður af ætluðum ölvunarakstri, en hins vegar fengið sekt, að fjárhæð 10.000 kr., fyrir brot á 1. mgr. 4. gr., 1. mgr. 36. gr. og 1. mgr. 100. gr. umferðarlaga. Ekki hafi þótt vera tilefni til ökuleyfisviptingar. Dómi þessum hafi hvorki verið áfrýjað af hálfu stefnanda né ákæruvalds.

Eins og áður greini, hafi stefnandi slasast mjög mikið í þessu umferðarslysi. Stefán Bogason læknir hafi 13. desember 1990 metið tímabundna og varanlega örorku stefnanda. Hafi niðurstaða læknisins orðið sú, að tíma-

bundin örorka væri 100% í fjórtán mánuði frá slysdegi, síðan í tvo mánuði 50% og varanleg örorka 35%.

Stefnandi hafi ekki verið sáttur við þetta örorkumat, enda hafi hann talið varanlegu örorkuna vera fjarri lagi með tilliti til þess, að afleiðingar slyssins væru þær, að hann væri algjörlega óvinnufær. Af þessum sökum hafi Atli Þór Ólason, dr. med., verið fenginn til að endurskoða örorkumatið, og hafi hann skilað nýju örorkumati, dags. 25. júlí 1991. Þar hafi niðurstaða orðið sú, að stefnandi hefði hlotið tímabundna örorku 100% frá slysdegi til 25. júlí 1991 og síðan 70% varanlega örorku.

Á grundvelli þessa örorkumats og tekna stefnanda þremur árum fyrir slysið hafi Jón Erlingur Þorláksson tryggingasterðfræðingur reiknað út örorkutjón stefnanda. Niðurstaða hans hafi orðið sú, að höfuðstólsverðmæti vinnulaunatekna stefnanda á slysdegi væri þetta:

Vegna tímabundinnar örorku	kr.	1.991.600
Vegna varanlegrar örorku	–	10.124.200
Samtals	kr.	12.115.800

Töpuð lífeyrisréttindi vegna varanlegrar örorku hafi verið talin nema 607.500 kr.

Stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., hafi verið krafinn um greiðslu bóta með bréfum, dagsettum 31. júlí 1991 og 23. ágúst 1991. Með bréfum, dagsettum 14. ágúst 1991 og 3. september 1991, hafi stefndi, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., hafnað bótaskyldu og borið fyrir sig 20. gr. laga um vátryggingarsamninga.

Í máli þessu sé stefnt skráðum eiganda bifreiðarinnar S-2011, Hrafnhildi Borgþórsdóttur, svo og tryggingarfélagi bifreiðarinnar, Sjóvá-Almennum tryggingum hf.

3.0.

Stefndu segja málavexti vera þá, að stefnandi hafi ekið bifreið stefndu, Hrafnhildar, 8. ágúst 1989 út af þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal. Hafi stefnandi slasast svo mikið, að ekki hafi reynst unnt að ræða við hann á vettvangi. Talsverðan áfengisþef hafi lagt af vitum stefnanda, og hafi því verið tekið blóðsýni til alkóhólrannsóknar. Á vettvangi hafi verið rætt við stefndu, og hafi hún borið, að stefnandi hafi drukkið stórt glas af sterku öli á Bautanum á Akureyri, en ekki ekið bifreiðinni, fyrr en komið hafi verið í Varmahlíð, en þá hafi hann tekið við stjórn bifreiðarinnar. Magn alkóhóls í blóðsýni því, sem tekið hafi verið úr stefnanda á slysstað, hafi reynst vera 1,35 prómille. Hafi sýnið verið tekið kl. 2.15. Vitnið Ágúst Friðgeirsson hafi tilkynnt slysið til lögreglu kl. 1.16 og borið, að 5 til 10 mínútum áður hafi

bifreiðinni, sem ekið hafi verið út af, verið ekið fram úr sér á mikilli ferð, sbr. lögregluskýrslu, tekna af honum 26. september 1989. Fyrir dómi hafi hann borið, að innan við fimm mínútur hafi liðið.

Ekki hafi verið tekin skýrsla af stefnanda fyrr en 20. september 1989, og hafi stefnandi þá borið, að einhver hafi „komið, og hafi sá gefið honum áfengi, sennilega viskí, og annað, sem var blandað gosdrykk“. Stefnandi neiti eindregið allri áfengisdrykkju við aksturinn, en segist hafa drukkið úr stóru björglasi, áður en lagt hafi verið af stað frá Akureyri.

Vitnið Ágúst Friðgeirsson, sem fyrr sé vitnað til, hafi borið, að áfengi hafi ekki verið haft um hönd, eftir að hann hafi komið á vettvang, en hins vegar hafi stefnandi beðið um það. Þá hafi Ágúst borið, að honum hafi virst stefnandi hafa verið undir áhrifum áfengis. Sigurbjörg Traustadóttir, eiginkona Ágústs, hafi borið á sama hátt og maður hennar, en segist hafa gefið stefnanda Coca cola.

Vitnið Kristján Skjöldal hafi borið fyrir lögreglu, að stefnandi hafi ekki drukkið áfengi, eftir að hann kom á slysstað, en áreksturinn hafi orðið örskömmu fyrr, og er hann hafi komið að „Subaru-bílnum, hafi kona verið á hlaupum í kringum hann að leita að ökumanninum, sem lá úti í móa þarna rétt hjá bílnum“. Vitnið Helgi Garðarsson hafi borið fyrir lögreglu á sama veg og Kristján. Þá hafi vitnið Magnús Þór Haraldsson borið fyrir lögreglu mjög á sama veg, en bætt því við, að menn hafi athugað, áður en stefnanda hafi verið gefið af kóflösku, hvort áfengi væri í flöskunni.

Hinn 7. desember 1989 hafi hins vegar stefnda, Hrafnhildur, komið til lögreglu að eigin frumkvæði og borið, að hún hafi gefið stefnanda úr viskíflösku, sem hafi verið í bifreiðinni.

Höfðað hafi verið opinbert mál á hendur stefnanda og honum gefið að sök að hafa ekið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og jafnframt sýnt gáleysi. Fyrir sakadómi hafi greind vitni staðfest framburð sinn, en Sigurbjörg Traustadóttir sagst hafa haft það á tilfinningunni, að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn. Lögreglumenn þeir, sem hafi komið að stefnanda, hafi komið fyrir dóm. Oddur Hauksteinn Knúttson hafi borið, að hann hafi séð áfengisáhrif á stefnanda og sterk áfengislykt verið af honum. Kristvin Ómar Jónsson hafi borið, að sér hafi verið ljóst, að ákærði hafi verið mjög ölvaður. Hermann Jóhannsson sjúkrabílsstjóri hafi einnig komið fyrir dóm og borið, að stefnandi hafi komið sér fyrir sjónir sem mjög drukinn.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 29. janúar 1991 hafi stefnandi verið sýknaður af ákæru um að hafa ekið undir áhrifum áfengis, en í forsendum hins áfrýjaða dóms segi: „Enda þótt telja verði talsverðar líkur til þess, að

ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, er ekki hægt að hafna alveg skýrslum hans og Hrafnhildar Borgþórsdóttur um, að hún hafi gefið honum áfengi að drekka eftir slysið. Þykir því ekki alveg fullsannað, að hann hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, og ber því að sýkna hann af ákærinni að því leyti.“

Stefnandi hafi kafið stefnda, Sjóvá-Almennar tryggingar hf., um bætur, en bifreið stefndu, Hrafnhildar Borgþórsdóttur, hafi verið tryggð hjá Sjóvá-tryggingafélagi Íslands hf., sem hafi runnið inn í hið fyrrnefnda. Félagið hafi neitað bótum á þeim grundvelli, að stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis, er hann ók bifreið stefndu út af, og jafnframt sýnt af sér svo víta-verðan akstur, að fella eigi tjónbætur niður.

6.0. Forsendur og niðurstaða.

Í máli þessu er sérstaklega deilt um það, hvort stefnandi hafi verið undir áhrifum áfengis og sýnt af sér víta-verðan akstur, er hann ók bifreið stefndu, Hrafnhildar, út af þjóðveginum við Sanddalsá í Norðurárdal 8. ágúst 1989. Í niðurstöðum dóms sakadóms Reykjavíkur í málinu nr. 40/1991: Ákærvaldið gegn Bóasi Dagbjarti Bergsteinssyni, sem kveðinn var upp 29. janúar 1991, segir m. a.: „Enda þótt telja verði talsverðar líkur til þess, að ákærði hafi verið undir áhrifum áfengis við aksturinn, er ekki hægt að hafna alveg skýrslum hans og Hrafnhildar Borgþórsdóttur um, að hún hafi gefið honum áfengi að drekka eftir slysið. Þykir því ekki alveg fullsannað, að hann hafi verið undir áhrifum við aksturinn, og ber að sýkna hann af ákærinni að því leyti. Aftur á móti þykir hafa verið sýnt fram á með skýrslum ákærða og Ágústis Friðgeirssonar og því, sem upplýst er um aðstæður, að ákærði gætti ekki fyllstu varúðar og ók of hratt og óvarlega við þær, og hefur hann með því orðið brotlegur við 1. mgr., 4. gr. og 1. mgr. 36. gr., sbr. 1. mgr. 100. gr. umferðarlaganna.“

Sú meginregla gildir í refsímálum, að aðili telst saklaus, þar til sekt er sönnuð, og hvílir sönnunarbyrði á ákærvaldinu. Þótt sekt verði þannig að vera hafin yfir allan vafa í refsímálum, verða ekki gerðar jafnstrangar kröfur í einkamálum til heimtu skaðabóta. Niðurstaða áðurgreinds dóms sakadóms Reykjavíkur verður því ekki algerlega lögð til grundvallar við úrlausn þessa máls, sbr. 4. mgr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Hrafnhildur Borgþórsdóttir, sem var eigandi umræddrar bifreiðar og farþegi í henni fyrir slysið, er fyrrverandi sambýlskona stefnanda. Eftir atvikum þykir því varhugavert að taka slíkt mark á vitnisburði hennar, að úrslitum ráði um niðurstöðu málsins. Sama gildir um vitnisburð stefnanda, en

frásögn þessara málsaðila af atburðarásinni hefur þegar verið rakin í 2.0. að framan. Við úrlausn þessa máls verður því einkum að líta til annarra vitna og sönnunargagna.

Slysið var tilkynnt lögreglu Mýra- og Borgarfjarðarsýslu kl. 1.16 aðfaranótt þriðjudagsins 8. ágúst 1989, og komu Kristvín Ómar Jónsson varðstjóri og Oddur H. Knútsson lögreglumaður á vettvang um kl. 1.50. Tóku þeir þá blóðsýni úr stefnanda til alkóhólranssóknar. Segir Oddur í lögregluskýrslu sinni um atburðinn svo frá m. a., að talsverðan áfengisþef hafi lagt frá vitum stefnanda. Við skýrslutöku fyrir dómi 10. ágúst 1990 segir hann, að kona stefnanda hafi sýnt lögreglu pela af viskí, sem hún var með í tösku sinni, þegar hún var komin niður á lögreglustöð. Nánar spurður segir hann, að sig minni, að u. þ. b. ¼ hafi verið eftir í pelanum, þegar konan sýndi þeim hann.

Við skýrslutöku fyrir dómi sama dag segir Kristvín Ómar Jónsson m. a., að sér hafi verið það ljóst strax, er hann kom á staðinn, að stefnandi væri mjög ölvaður. Áfengislykt hafi verið af honum og erfitt að ná sambandi við hann, og hann hafi verið ruglaður, líkt og ölvaðir menn séu gjarnan, og því erfitt að ræða við hann. Hins vegar segir hann, að stefnandi hafi ekki neytt áfengis, eftir að lögregla kom á staðinn. Hann segist ekki hafa séð áfengi á vettvangi, hvorki í meðförum ákærða, konu hans né annarra, sem voru á staðnum.

Kristján Skjöldal Ingimarsson, sem ók fólksbifreið á leið norður, varð fyrstur á slysstað ásamt þremur farþegum. Í lögregluskýrslu sinni frá 18. október 1989 segir hann m. a., að það hafi verið einhvers staðar í Norðurárdal, sem hann hafi mætt bifreið, sem ekki lækkaði ljósin, er hún nálgast. Kristján segist hafa blikað ljósum sinnar bifreiðar, en það ekki dugað til og ökumaður þessarar bifreiðar ekki sinnt því. Kristján segist hafa blindast og þurft að fara alveg út í kant, þar sem hann sá ekkert. Hann segist svo hafa séð í baksýnispeglinum, að bifreið þessi, sem var Subaru Justy, hafi farið að rása á veginum, eftir að hún hefði mætt sér, og svo oltið út af veginum. Hann segist þá strax hafa snúið við og farið á staðinn. Þegar hann hafi komið að Subaru-bifreiðinni, hafi kona verið á hlaupum í kringum hana að leita að ökumanninum, sem hafi legið úti í móa þarna rétt hjá bifreiðinni. Þessi maður hafi hljóðað og borið sig aumlega og kvartað um verki í fótum. Um hugsanlegt ölvunarástand þessa manns kveðst Kristján ekki hafa hugsað eða þann möguleika þarna á staðnum. Hins vegar eftir á að hyggja hafi framkoma manns þessa verið furðuleg. Hann hafi verið að formæla konunni, sem var með honum, og brotið hana niður, svo að hún hafi farið að gráta. Kristján segist ekki hafa fundið áfengislykt af þessum manni, enda

ekki verið að hygga að henni. Kristján segist ekki hafa gefið hinum slasaða vín og ekki þeir, sem með sér voru, þar sem þeir hafi lítið sem ekkert komið nærri þessu. Hann segist ekki heldur hafa séð neinn gefa manni þessum vín og ekki neinn hafa haft vín þarna um hönd, svo að hann viti eða hafi orðið var við. Kristján segir, að hinn slasaði hafi beðið um að fá eitthvað að drekka, þar sem hann væri svo þurr í munnum. Hann segist þá hafa fundið 1½ lítra flösku af pepsí eða kóki í bifreið hins slasaða. En í þeirri flösku hafi einungis verið gos. Hinn slasaði hafi sopið úr þessari flösku, en mjög lítið, sennilega ekki nema einu sinni, svo að hann sæi. Annað segist Kristján ekki hafa séð þennan mann drekka.

Helgi Garðarsson, sem var með Kristjáni Skjöldal Ingimarssyni í bifreið, segir í lögregluskýrslu frá 20. október 1989 m. a., að hann hafi ekki séð neinn gefa stefnanda áfengi að drekka. Hann segir, að Kristján og þau, sem með honum voru, hafi ekki haft neitt vín um hönd og hann ekki séð aðra hafa það heldur þarna á staðnum. Helgi segist telja það alveg óhugsandi, að þessum slasaða manni hafi verið gefið áfengi, á meðan beðið var eftir lögreglu og sjúkrahúsi. Hann segist a. m. k. ekki hafa orðið var við neitt slíkt. Hann segir, að þessi maður hafi beðið um að fá eitthvað að drekka og kvartað um þorsta. Hann hafi ekki minnst á vín eða neitt þess háttar. Helgi segir, að kona þessa manns hafi gefið honum eina tvo sopa úr 1½ lítra kókflösku. Helgi telur, að Kristján hafi fundið þessa flösku, og hann telji, að bara hafi verið kók í þessari flösku. Í skýrslu fyrir dómi 11. október 1990 segir Helgi m. a., að stefnandi hafi fyrst spurt, hvort einhver ætti vín að drekka, en enginn hafi átt, en hann hafi kvartað mjög um þorsta. Hann segir, að Kristján Skjöldal hafi fundið kókflösku við bifreiðina S-2011 og Kristján bragðað á innihaldi hennar til að athuga það, og hafi hann sagt, að það væri hreint kók eða gos. Hann segist ekki hafa séð neinn gefa stefnanda vín að drekka, er hann var á vettvangi, en kona stefnanda hafi gefið honum að drekka gosið.

Magnús Þór Haraldsson, sem einnig var farþegi í bifreið þeirri, er Kristján Skjöldal ók, segir í lögregluskýrslu frá 20. október 1989 m. a., að hann hafi ekki komið svo nálægt hinum slasaða, að hann sæi, hvort hann væri ölvaður, eða fyndi vínlykt af honum. Hann segist hins vegar hafa heyrt þarna á staðnum hjá öðrum vegfarendum, að ökumaður umræddrar Subaru-bifreiðar hefði verið búinn að aka fram úr nokkrum bifreiðum, rétt áður en slysið varð, og ekið nokkuð greitt. Einnig hefði hann heyrt, að bæði hinn slasaði og konan, sem með honum var, hefðu verið búnar að neyta áfengis, áður en slysið varð. Það hafi hann heyrt frá einhverjum, sem þarna var, en veit ekki, hver var. Magnús segir, að sá, sem nefndi þetta, hefði ver-

ið með þessu fólki á einhverjum veitingastað skömmu fyrir slysið, og kvaðst gruna, að þetta fólk hefði neytt áfengis. Magnús segist ekki hafa séð neinn hafa vín þarna um hönd á slysstað eða annað áfengi. Hann segist ekki hafa orðið var við, að neinn gæfi hinum slasaða áfengi. Honum hefði verið gefið kók úr 1½ til 2 lítra plastflösku. Hann telur, að bara hafi verið kók í henni, þar sem fólk lyktaði af henni, áður en manninum var gefið úr henni. Í skýrslu fyrir dómi 11. október 1990 kveðst Magnús, spurður af dómara, ekki muna betur en hann hafi lyktað af gosflöskunni. sem stefnanda var gefið að drekka úr, til þess að ganga úr skugga um, hvort í henni væri áfengi, en svo hafi ekki verið. Hann segist ekki hafa séð neinn á slysstað hafa áfengi um hönd.

Ágúst Friðgeirsson, sem ók bifreið á suðurleið ásamt eiginkonu sinni, segir í lögregluskýrslu frá 26. september 1989 m. a., að bifreiðinni S-2011 hafi verið ekið hratt fram úr þeim og um 5 til 10 mínútum síðar hafi hann svo komið þar að, sem bifreiðin S-2011 hafi verið utan vegar. Áfengi hafi ekki verið haft um hönd á staðnum, en hins vegar hafi hinn slasaði beðið um það. Sér hafi vírst maðurinn vera eitthvað í víni, þar sem tilburðir hans voru slíkir, og kona sín einnig haft orð á því, að áfengisþef hefði lagt frá vitum hans, þá er hún var hjá honum og hlúði að honum eftir bestu getu. Í skýrslu fyrir dómi 26. apríl 1990 skýrir Ágúst m. a. svo frá, að bifreiðinni, sem valt, hafi 3 til 4 mínútum áður verið ekið fram úr sér, glannalega, að því er Ágústi fannst, og hratt. Þegar Ágúst hafi komið að, hafi kona, sem muni hafa verið með öikumanninum í bifreiðinni, verið að koma til hans, þar sem hann lá bjargarlaus. Spurður um það segist Ágúst ekki geta fullyrt, hvort hún hafi verið að finna hann eða verið búin að ná til hans áður, en kveðst hafa talið þá, að hún hefði verið að koma að honum í fyrsta sinn. Ágúst kveðst ekki hafa orðið þess var, að maðurinn hefði fengið áfengi að drekka. Kveðst Ágúst hafa verið þarna á staðnum, þangað til lögregla og sjúkralið komu á vettvang. Maðurinn hafi vírst vera mjög kvalinn og heimt- að einu sinni, að sér væri gefinn „sjúss“ að drekka. Ágúst kveðst hafa þurft að huga að börnum þeirra hjóna öðru hverju, á meðan þau biðu þarna, og því ekki geta fullyrt af eigin raun, hvort maðurinn fékk að drekka, á meðan Ágúst fór til barnanna. Hafi kona sín setið hjá manninum allan tímann. Ágúst kveðst ekki hafa merkt áfengisáhrif á manninum. Maðurinn hafi legið á að giska 20 metra frá flaki bifreiðarinnar.

Eiginkona Ágústs, Sigurbjörg Jóna Traustadóttir, sem var farþegi í bifreið hjá eiginmanni sínum á leið til Reykjavíkur, segir svo m. a. í lögregluskýrslu, gefinni 26. september 1989, að nokkru áður en þau komu að slysinu, hafi bifreiðinni S-2011 verið ekið allgreitt fram úr þeim, en hún seg-

ir mann sinn hafa ekið varlega, þar sem skyggni hafi verið mjög slæmt, myrkur og hellirigning. Kveðst hún hafa sagt við mann sinn: „Það er aldeilis, að þessum liggur á.“ Nokkru síðar, segir hún, að þau hafi komið á slystað. Alllangur tími hafi liðið, frá því að þau komu að slysinu og þar til hjálp barst, um ein klukkustund. Hún segir ekkert áfengi hafa verið haft um hönd þar á staðnum, meðan þau voru þar, en hún hafi fundið einhvern áfengisþef leggja frá vitum mannsins. Fyrir dómi 26. apríl 1990 skýrir hún svo frá m. a., að sjálf hafi hún farið að bílnum, sem oltið hafði, og náð í teppi og breitt yfir manninn. Hinn slasaði hafi beðið um, að sér yrði gefinn „sjúss“ að drekka. Hún kveðst hafa spurt þau hin, hvort þar væri eitthvað til að gefa manninum að drekka, og hafi hvorugt hinna og enginn af öðru fólki, sem komið hafði að, haft neitt af slíku. Hún kveðst þá hafa farið aftur að bílnum, sem oltið hafði, og fundið í honum plastflösku, 1½ lítra, sem var u. þ. b. hálf af Coca cola. Kveðst hún hafa bragðað á innihaldi flöskunnar og ekki fundið áfengisbragð að því og gefið manninum að drekka af flöskunni. Hafi maðurinn drukkið örfáa sopa alls. Hún kveðst hafa verið hjá hinum slasaða eftir þetta, þar til lögregla og sjúkralið komu á vettvang, og ekkert farið frá manninum nema einu sinni til að huga að barninu, sem var með hinum slasaða og konunni, en það hafi aðeins verið nokkra metra frá manninum. Telur hún sig geta fullyrt, að hinn slasaði hafi ekkert fengið að drekka fyrir utan það, sem hún gaf honum, þar til sjúkralið og lögregla komu á vettvang. Hún kveðst hafa fengið hugboð um, að maðurinn væri undir áhrifum áfengis. Bæði hafi hann verið mjög ruddalegur í tali við sig og aðra, og eins hafi hún fundið áfengisþef af honum. Kveðst hún þó ekki vilja fullyrða neitt um þetta.

Hermann Jóhannsson sjúkrabílsstjóri, sem ók sjúkrabífreið á slystað, segir svo m. a. í skýrslu, er hann gaf 10. ágúst 1990, að stefnandi hafi verið illa haldinn vegna meiðsla og komið sér fyrir sjónir sem mjög drukkin. Stefnandi hafi verið ákaflega þreytulegur og útlit hans borið vitni um langa drykkju. Sérstaklega spurður segir Hermann, að stefnandi hafi ekki neytt áfengis, eftir að Hermann kom á staðinn, og kveðst hann aldrei hafa yfirgefið stefnanda. Hermann kveðst ekki hafa séð áfengi á staðnum. Hann kveðst þó minnast þess, að stefnandi bað um áfengi, eftir að hann kom í sjúkrabífreiðina, og einnig þess, að stefnandi hafi sagt þeim, að hann hafi fengið sér áfengi til að lina kvalirnar. Kveðst Hermann ekki geta fullyrt um það, hvort það hafi gerst, áður en hann kom á staðinn, en ítrekar, að stefnandi hafi komið sér fyrir sjónir sem maður, er væri búinn að drekka í langan tíma.

Í blóðsýni því, sem tekið var af stefnanda á slystað, reyndust vera 1,35%

af vínanda. Samkvæmt niðurstöðum réttarmáladeildar læknaáðs þyrfti meðalmaður að hafa innbyrt hálfan pela af sterku áfengi (t. d. viskí) á slysstað til að ná umræddu vínandamagni í blóði. Telur deildin slíkt ólíklegt, og undir þá skoðun taka læknaáðsmenn. Landlæknir telur þó, að flestir geti tæmt hálfan pela af sterku áfengi á skömmum tíma við þessar kringumstæður. Þegar þetta er haft í huga og þar sem framburður framangreindra vitna hnígur allur í sömu átt, verður, þegar þau eru virt í heild sinni, eftir atvikum að telja nægilega sýnt fram á, að stefnandi hafi þrátt fyrir framburð sinn og sambýliskonu sinnar verið ölvaður við akstur bifreiðarinnar þegar fyrir slysið. Þá verður einnig að fallast á, að stefnandi hafi sýnt af sér gáleysislegan akstur.

Kröfur stefnanda eru reistar á 92. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 um sérstaka slysátryggingu ökumanns. Hins vegar tapast réttur til vátryggingarbóta samkvæmt vátryggingarskilmálum og eftir reglum laga um vátryggingarsamninga nr. 20/1954, sbr. 1.–20. og 124. gr. laganna, valdi ökumaður vátryggingaratburði ölvaður eða af ásetningi eða af stórkostlegu gáleysi. En í vátryggingarskilmálum tryggingarinnar, þ. e. almennum skilmálum fyrir slysátryggingu ökumanns og eiganda sem farþega, 5. lið, segir svo: Réttur til vátryggingarbóta getur fallið niður samkvæmt lögum um vátryggingarsamninga, ef vátryggingartaki eða vátryggður vanrækir skyldur sínar gagnvart félaginu, t. d. ef hann ekur án þess að hafa ökuréttindi eða veldur tjóni af stórkostlegu gáleysi eða undir áhrifum áfengis, ávana- eða fíkniefna.

20. gr. laga nr. 20/1954 hljóðar svo: „Eigi verður, svo gilt sé, samið svo um, að félagið skuli laust úr ábyrgð, er því, að vátryggingaratburðurinn gerðist, hefur verið valdið af vangá, er ekki verður talin stórkostleg. Ákvæði þetta er því þó eigi til fyrirstöðu, að samið sé um það, bæði að félagið skuli leyst úr ábyrgð, er vátryggður hefur valdið vátryggingaratburðinum í ölaði, er honum verður sjálfum gefin sök á, og að félagið megi draga allt að 5% frá bótunum, er vátryggingaratburðurinn stafar frá vangá, sem eigi verður talin stórkostleg.“

Í málinu er deilt um túlkun orðsins „ölaði“ í þessu samhengi. Hér er um samnorræna löggjöf að ræða, en í samsvarandi ákvæði dönsku vátryggingarsamningalaganna (20. gr.) er notað orðið „beruselse“. Með hliðsjón af merkingu orðsins í norrænu lögunum þykir ekki verða lögð þröng merking í orðið ölaði, heldur taki það til ólögmaets ölvunaraksturs. Verður því að telja, að orð þetta taki til ölvunar stefnanda við akstur bifreiðarinnar fyrir slysið.

Samkvæmt því, sem að framan hefur verið rakið, ber að sýkna stefndu af kröfum stefnanda.

Eftir atvikum og með tilvísun til 3. málsgreinar 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir rétt, að hver aðili beri sinn kostnað af málinu. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 91.325 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 441.325 kr., greiðist úr ríkissjóði.

Jón L. Arnalds héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Hrafnhildur Borgþórsdóttir og Sjóvá-Almennar tryggingar hf., skulu vera sýknir af kröfum stefnanda, Bóasar Dagbjarts Bergsteinssonar, í máli þessu.

Málkostnaður fellur niður. Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þ. e. útlagður kostnaður, 91.325 kr., og málflutningslaun skipaðs lögmanns gjafsóknarhafa, Hilmars Ingimundarsonar hæstaréttarlögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 350.000 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, samtals 441.325 kr., greiðist úr ríkissjóði.